

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar 2002-2014,**  
**íþróttasvæði við Hástein.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 18. júlí 2012 breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar 2002-2014, sem samþykkt var í bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar þann 28. júní 2012.

Í breytingunni er gert ráð fyrir að U2, opið svæði til sérstakra nota, muni stækka um 100 metra til norðurs inn á svæði HV-2, óbyggt svæði sem nýtur hverfisverndar.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 26. júlí 2012.*

F.h. forstjóra,

**Hafdís Hafliðadóttir.**

---

*Guðrún Halla Gunnarsdóttir.*